3. á veg að Grunnskóla gagnvart Skólabraut,
4. á veg að Hesthúsahverfi á Varmárbökkum gagnvart Skeiðholti.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. október 1993.*

**Böðvar Bragason.**

13. október 1993 Nr. 420

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. Að Fannafold verði aðalbraut, þó víkur umferð um Fannafold fyrir umferð um Fjallkonuveg.
2. Að stöðvunarskylda verði á Framnesvegi við Grandaveg.

Ákvörðun þessi tekur gildi 25. október 1993.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. október 1993.*

**Böðvar Bragason.**

21. október 1993 Nr. 421

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.**

**Raforka.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. er taki gildi frá og með 1. október 1993:
Gjaldskrá Selfossveitna bs. nr. 388, 30. október 1992:

**Taxti A. 1: Almenn notkun** lækkar úr 6,30 kr/kWst í 6,11 kr/kWst.
Eftirtalin mælagjöld:
**Orkumælir; einfasa** lækkar úr 2.966 kr/ár í 2.669 kr/ár.
**Orkumælir; þrífasa** lækkar úr 6.526 kr/ár í 5.873 kr/ár.
Önnur gjöld óbreytt.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. október 1993.*

F. h. r.
**Þorkell Helgason.**

*Steinunn Bjarman.*